

Fundargerð öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 19. ágúst 2020, á Hangouts, kl. 18.30.

Mætt Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason, Elsa Kristín Sigurðardóttir, Erla Sigurðardóttir.

1. Nýr maður kominn í nefndina

Stjórn AKÍS hefur skipað Ara Halldór Hjaltason í öryggisnefndina.

2. Kynning á nefndinni

AS segir að ekki sé enn búið að senda formlegt kynningarbréf um nefndina á félögin en sagt var frá henni í fréttabréfi formanns og einnig á heimasíðu sambandsins.

Nefndarmenn hafa mætt á nokkrar keppnir í sumar sem starfsmenn og áhorfendur. Fram kom í umræðu að gott væri ef fulltrúar í nefndinni gætu fengið einhverskonar auðkenni til að framvísa og fá með því betri aðgang og upplýsingar á keppnissvæðum. AÓS sagði að stjórn væri að vinna að slíkum auðkennum.

3. Öryggi í þeim keppnum sem búnar eru

Nefndarmönnum er ekki kunnugt um að einhver slys eða alvarleg atvik hafi komið upp í keppnum sumarsins.

Þó hafa komið til nefndarmanna ábendingar og fyrirspurnir um öryggistengd atriði, s.s. að ekki séu sjúkrabílar á staðnum þegar keppt er á svæðum KK og AÍH, ekið hafi verið á óheppilega staðsettan stein í driftkeppni á svæði KK og að rallybíll með mikið brotna framrúðu hafi fengið að halda áfram keppni eftir veltu.

Þá upplýsti AHH að til standi að færa huta áhorfendasvæðis fjær rallykrossbraut á svæði AÍH vegna hættu á að bílar sem fara útaf komist of nærri eins og fyrirkomulagið er í dag.

4. Úttektir á brautum og keppnissvæðum

Keppnissvæði AÍH, BA og KK hafa fengið formlega úttekt og skriflega umsögn af hálfu AKÍS, umsagnir dagsettar vorið 2018. Í þeim öllum kemur fram að gildistími sé til 30. apríl 2019. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu AKÍS ákvað stjórn s.l. vetur að nýjar úttektir yrðu ekki unnar fyrr en í haust að loknu yfirstandandi keppnistímabili.

Þar sem óljóst virðist vera hvort þessar umsagnir eru forsenda fyrir keppnishaldi á viðkomandi svæðum var ákveðið að kanna formlega hjá stjórn sambandsins hver hennar skilningur væri á tilgangi og „notagildi“ slíkra umsagna.

Fram kom í umræðu að í torfæru eru svæðin ekki tekin út sérstaklega heldur er keppnishaldara og öryggisfulltrúa treyst til að setja svæðið og þrautir upp þannig að öruggt sé.

5. Öryggisfulltrúar

Hjá AKÍS er til listi með nöfnum á þeim aðilum sem teljast hæfir til að gegna stöðu öryggisfulltrúa. Eftir því sem nefndin hefur komist næst er á þessum lista það fólk sem félög hafa í áranna rás „treyst til að gegna þessu starfi“ og fólk sem sótt hefur námskeið. Þetta telur nefndin vera afar vont fyrirkomulag og stefnir að því að uppfæra þennan lista næsta vetur og tryggja að þeir sem á honum verða hafi raunverulega þekkingu og hafi setið nauðsynleg námskeið til að geta sinnt starfinu.

Nefndarmenn eru langt komnir með að vinna drög að gátlista fyrir öryggisfulltrúa. Ákveðið var að hafa samband við þá sem skráðir eru öryggisfulltrúar á þeim keppnum sem eftir eru á keppnistímabilinu, bjóða þeim gátlistann til notkunar og fara yfir þeirra hlutverk í keppni.

6. Önnur mál

- Aldur í akstursíþróttum – Samkvæmt nýrri reglugerð um akstursíþróttir þarf AKÍS að geta um á heimasíðu sinni um aldurstakmörk í mismunandi greinum. Hafa keppnisráð verið beðin um að segja sitt álit á málinu og jafnframt hefur verið leitað eftir upplýsingum hjá nágrannabjórðum um fyrirkomulag hjá þeim.
Öryggisnefndin telur að við ákvörðun um hæfi einstaklinga til að taka þátt í akstursíþróttum eigi frekar að meta út frá reynslu og hæfni heldur en aldri, og mælist til þess að sett verði slík viðmið sem fyrst.
- Fundir – Ákveðið var að festa niður fundartíma út árið. EKS mun setja upp skoðanakönnun á Facebook síðu nefndarinnar til að finna út heppilegasta fundartíma.

Fundi slitið kl. 20.03

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson